



FRÉTTABRÉF HEIÐARSKÓLA

Desember 2012



Vel lukkaðir þemadagar

Sannkölluð jólastemning ríkti í skólanum á jólaþema-dögum 29. og 30. nóvember. Á þema-dögum er hefðbundin kennsla brotin upp og nemendur fá tækifæri til þess að leggja bækurnar til hliðar og vinna með krökkum úr öðrum bekkjum og árgöngum.

Jólaandinn sveif um í öllum bekkjadeildum þar sem nemendur voru önnum kafnir við fjölmörg verkefni tengdum jóluum. Yngstu nemendurnir flöttu út og formuðu ilmökur, þæfðu ullarkúlur, hlýddu á jólasögu og margt fleira. Miðstigið kynnti sér meðal annars jólakveðjur frá ýmsum löndum, gerðu glæsilega íslenska

jólasveina, Grýlu, Leppalúða og jólaköttinn úr maskínupappír og



Eitt þeirra verkefna sem unnin voru á þemadögum. Þetta er karlinn hann Gluggagægir.

gerðu jólaskraut úr maizenadeigi. Unglingastigið stýrði jólaútværpi, fönðraði, bjó til gamaldags jólatré og gerði konfekt svo fátt eitt sé nefnt. Ekki var annað að sjá en að nemendur kynnu vel að meta þá vinnu sem unnin var á þessum dögum. Salurinn og skólagangarnir eru nú fagurlega skreyttir með mörgu af því sem unnið var á þemadögum.



Hvað ætlar þú/þið að gera í jólafríinu þínu/ykkar?



Hanna Björg og Nína Björk, 8. bekk.

Við ætlum bara að vera heima og hafa það kósý.



Alexander Máni 4. EN
Ég ætla kannski að hjálpa mömmu að baka jólakökur, slaka á og leika mér og hjálpa mömmu að leggja á borð fyrir jólamatinn.

Myndir úr skólastarfinu

Margt hefur verið brallað á haustönninni og er myndasafn þessa skólaárs þegar orðið nokkuð myndarlegt. Það er aðgengilegt á heimasíðu skólans: <http://www.heidarskoli.is/Myndasafn/>



Jólafrí



Jólafrí nemenda hefst föstudaginn 21. desember. Skólastarfið hefst aftur fimmtudaginn 3. janúar 2013 samkvæmt stundaskrá. Starfsmenn Heiðarskóla óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Hreystikrakkar Heiðarskóla öttu kappi!

Skólahreystikeppni Heiðarskóla var haldin þann 28. október. Keppendur úr 8.-10. bekk öttu kappi og stóðu sig frábærlega vel. Margir bættu sín persónulegu met en þau Andri Már Invarsson og Katla Rún Garðarsdóttir bættu tvö Heiðarskólamet, Andri í upp-hífungum og Katla í hraðþraut. Andri gerði einnig flestar dýfur en Anton Freyr Hauksson var fljótastur drengja í mark í hraðþraut og Irena Sól Jónsdóttir gerði flestar armbeygjur og hékk lengst

í hreystigreip. Skólahreystilið Heiðarskóla verður tilkynnt eftir áramót fyrir undankeppnina en í það komast aðeins nemendur í 9. og 10. bekk. Það verður gaman að fylgjast með gangi mála eftir áramót enda er mikil stemning í kringum hreystikeppnina í skólanum þar sem lið síðustu ára hafa verið í fremstu röð.



Námsferð starfsfólks til Akureyrar

Í byrjun nóvember fór starfsfólk skólans til Akureyrar og nærðu sálina af fróðleik og frábærum hugmyndum Brynhildar Þórarinsdóttur, rithöfundar og lektors í Háskólanum á Akureyri og Jóns Baldvins Hannessonar skólastjóra í Giljaskóla. Brynhildur fjallaði um verkefni sem rannsóknasetur um barnabókmenntir í HA vinnur að en þeir sem að því standa hafa leitað svara við dvínandi áhuga barna og ungmenna á yndislestri. Í stað þess að fundnar séu



ástæður þess að börn lesi ekki er kannað hvaða þættir í lestrar-umhverfi barna sem lesa mikið hafa mest áhrif á lestraráhuga þeirra. Í Giljaskóla tóku Jón Baldvin skólastjóri og nemendur í 9. og 10. bekkjum á móti okkur.

Krakkarnir sýndu okkur skólann sinn og svo tók Jón Baldvin við okkur. Hann ræddi um þær leiðir sem kennaralið hans hefur farið í námsmati með tilliti til fleiri þátta en frammistöðu á prófum og

verkefnum. Dæmi um þætti sem þar eru metnir til jafns við frammistöðu eru dugnaður og þrautseigja, ábyrgð, samskipti og samstarf og tjáning. Þessir þættir eru tengdir lykilhæfni í nýrri aðalnámskrá grunnskóla sem allir skólar á landinu þurfa nú að aðlagast. Leið Giljaskóla í námsmati gefur okkar starfsliði góðar hugmyndir fyrir þá undirbúningsvinnu sem þegar er hafin í innleiðingu nýrrar námskrár. Starfsfólk skólans naut einnig vinalægs umhverfis Akureyrarbæjar og átti góðar stundir saman.

Hvað ætlar þú að gera í jólafríinu þínu?



Bergur Daði, 6. HS


Ég ætla að vera með fjölskyldunni. Við munum klára að skreyta heimilið og stuttu fyrir jól skreytum við jólatréð. Svo tókum við því rólega og höfum það gott saman.





Niðurstöður samræmdra prófa í Heiðarskóla

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk tóku samræmd próf í september. Allir árgangarnir tóku próf í íslensku og stærðfræði, en 10. bekkingar tóku auk þessa próf í ensku. Nú liggja niðurstöður fyrir og á heildina litið, getum við verið stolt af nemendum skólans. Eins og ávallt, þá er alltaf hægt að gera betur og stefnum við að því að gera það. Fjórdú bekkingar stóðu sig alveg einstaklega vel, eins og sést á súluritinu hér að neðan. Telja má nokkuð víst að árangur þeirra í stærðfræði er með því besta á landinu.



Menningarstundir

Mikið var um að vera á sal skólans vikuna 12.-16. nóvember í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Allir árgangar sýndu fjölbreytt skemmtiatriði og komu flestir nemendur skólans fram eða tóku þátt í uppsetningu atriðanna á einn eða annan hátt.



Spurningalið Heiðarskóla í 16 liða úrslit

Lið Heiðarskóla, skipað þeim Óðni Jóhannssyni, Brynjari Steini Haraldssyni og Þorbergi Jónssyni, sigraði í undankeppni Spurningakeppni grunnskólanna í Sandgerði þann 20. nóvember.



Aðeins þrjú Suðurnesjalið tóku þátt að þessu sinni, Heiðarskóli, Akurskóli og Sandgerðis-

skóli og höfðu drengirnir betur í báðum viðureignum. Þeir eru þar með komnir í 16 liða úrslit og munu mæta liði Glerárskóla á Akureyri í fjarkeppni á Skype eftir áramót. Við óskum þremmingunum góðs gengis og fylgjumst spennt með næstu rimmu.





Vegleg gjöf í minningu Magneu G. Stefánsdóttur

Í nóvember komu þau Dagný Gísladóttir, Hildur B. Jónsdóttir og Stefán Jónsson í Heiðarskóla og færðu skólanum einingakubba að gjöf, að verðmæti 300.000 krónur. Þetta gerðu þau í minningu móður sinnar Magneu G. Stefánsdóttur, sem var umsjónarmaður frístundar í Heiðarskóla til margra ára. Eitt er víst að kubbarnir eiga eftir að koma sér mjög vel í frístund, sem og í öðru starfi skólans. Færum við þeim systkinum bestu þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Gunnar Þór Jónsson, skólastjóri.



Jólaskemmtanir og stofujól

Fimmtudaginn 20. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venja er verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan fer hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta samkvæmt skipulagi hér til hliðar.


Kl. 08.30 - 10.00	Kl. 10.00 - 11.30	Kl. 11.30 - 13.00
2. HH	1. IP	1. AJ
3. KJ	2. GP	3. SG
4. HT	3. MB	5. EA
5. SRJ	4. EN	7. FÓ
6. HS	8. PE	7. JP
8. EP	9. ÍÁ	9. AÓ
9. ÞG	10. BJ	10. MÓ

Munum eftir bókum á jólum!

Í desember höfum við fengið rithöfunda í heimsókn í allar bekkjadeildir með von um að upplestur úr bókum vekji áhuga nemenda á nýútkomnum bókum og lestri bóka almennt. Reynslan hefur sýnt að bækur höfunda sem heimsækja skólann vekja mikla athygli og barist er um þær á bókasafninu. Það er sorgleg staðreynd að mikið hefur dregið úr lestri barna og unglunga á bókum. Það er áhyggjuefni þar sem sterk tengsl eru á milli áhuga á lestri og árangurs í lesskilningi og þar með námi en góður lesskilningur er undirstaða alls náms. Áhugi og hvatning foreldra, bókakostur heimilisins og góðar lestrarfyrirmyndir eru dæmi um þá þætti sem einkenna lestrarumhverfi barna sem gjarnan hafa verið kallaðir „lestrarhestar“. Í því sambandi hvetjum við ykkur foreldrana til þess að kaupa bækur handa börnum ykkar í jólagjöf eða mæla með því við ættingja. Gleðileg bókaþjóf!



Þórgrímur Þráinsson las úr nýútkominni bók sinni *Krakkinn sem hvarf*



Ingibjörg Kr. Ferdinandsdóttir las úr bók sinni *Leyndarmál Kela*



Jóhann B. Guðmundsson og Ómar Jóhannsson kynntu bókina *Ég er Zlatan*



Birgitta Elin og Marta Hlín lásu úr nýútkominni bók sinni í Rökkurhæða bókaflökknum, *Rökkurhæðir Öfridur*